



67. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 5. nóvember 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Axel Grettisson, Sigríður Bjarnadóttir í forföllum Hermanns Inga Gunnarssonar, Þorsteinn Ægir Egilsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Elva Gunnlaugsdóttir, Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjórar mættu til fundarins og kynntu uppfærð drög að Sóknaráætlun.

Stjórn samþykkir að drögin verði send með áorðnum breytingum á fundinum til kynningar í Samráðsgátt stjórnvalda og að samhliða verði þau send til umfjöllunar í sveitarstjórnnum á Norðurlandi eystra.

2. Endurskoðun samþykktar og verklagsregla Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Lögð fram tillaga frá framkvæmdastjóra um að skipaður verði starfshópur með 3-4 fulltrúum úr stjórn til að skoða annars vegar þörf á breytingum á samþykktum og hins vegar á verklagsreglum Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og skila tillögum á næsta stjórnarfundum.

3. Erindi frá Bandalagi Íslenskra listamanna

Lagt fram erindi frá Bandalagi Íslenskra listamanna, dagsett 21. október 2024, varðandi möguleika á faglegri aðkomu BÍL við úthlutun styrkja úr uppbyggingarsjóðum á landsbyggðinni.

Stjórn þakkar Bandalagi Íslenskra listamanna fyrir erindið og vísar því til umfjöllunar í tengslum lið 2 á dagskrá þessa fundar.

4. Skipting framlaga til Sóknaráætlana landshluta 2025-2029

Lagt fram minnisblað frá skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála dagsett 17. október 2024 varðandi skiptingu framlaga ríkisins til Sóknaráætlana landshluta 2025-2029. Norðurland eystra er enn með hæstu hlutdeildina en það lækkar þó um 0,6% frá fyrri skiptireglu og að óbreyttu lækka framlög til Sóknaráætlunar Norðurlands eystra um 7% á næsta ári.

Stjórn áréttar mikilvægi þess að ekki verði dregið úr framlögum til Sónaráætlana landshlutanna nú þegar nýjar Sónaráætlanir taka gildi um áramót og þar með dregið úr gildi þeirra. Stjórn SSNE skorar á fjárlaganefnd Alþingis að tryggja að svo verði ekki.

5. Áhersluverkefni Sónaráætlunar Norðurlands eystra

Lögð fram tillaga að áhersluverkefninu Kornskemman ehf. sem snýr að uppbyggingu kornþurrkunar í Eyjafjarðarsveit. Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri sat fundinn undir þessum lið.

Stjórn samþykkir að leggja til að verkefnið verði styrkt um 9,5 m.kr. á þessu ári.

6. Þinggerð haustþings SSNE 2024

Lögð fram til samþykktar þinggerð haustþings SSNE sem haldið var í Hofi í október síðastliðnum.

Stjórn samþykkir þinggerðina og felur framkvæmdastjóra að birta hana á heimasíðu SSNE.

7. Mál til umsagnar

- a. [Samráð um stefnumótun um áreiðanleg og áfallabolin net.](#)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda umsögn á Fjarskiptasjóð.

8. Mál til kynningar

- a. [Tilkynning um stöðu verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna.](#)
- b. [Flug til framtíðar – ráðstefna um flug og ferðapjónustu.](#)
- c. [Áhrif menningar og skapandi greina í landsbyggðum.](#)
- d. [Framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða fyrir árið 2025 – umsóknarfrestur til 22. janúar 2025.](#)
- e. [Umhverfisþing 2024.](#)
- f. [Fundargerð 238. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.](#)

9. Trúnaðarmál

Trúnaðarmál rætt og fært til trúnaðarmálabókar.

10. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri greindi frá því helsta sem hefur verið

- b. Föstudagsfundir SSNE – fundaröð.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma með tillögu að dagskrá á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 15:55.